



## Fundargerð

**Svæðisráð norðursvæðis - 87. fundur svæðisráðs norðursvæðis haldinn á fjarfundi, þriðjudaginn 8. febrúar 2022, kl. 13:00.**

### Fundinn sátu:

Anton Freyr Birgisson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skútustaðahrepps, Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Norðurþings, Grétar G. Ingvarsson, aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaga, Hjördís Finnbogadóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamataka, Hjalti Páll Þórarinnsson, varafulltrúi Ferðamálasamtaka Norðurlands eystra, Guðmundur Ögmundsson, þjóðgarðsvörður, Anna Þorsteinsdóttir, þjóðgarðsvörður á norðursvæði - hálendi, Guðrún Jónsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar - Jökulsárgljúfur, Stefanía Eir Vignisdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar - hálendi.

Fulltrúi Þingeyjarsveitar, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, forfallaðist á síðustu stundu.

### 1. Norðursvæði hálendi - af vettvangi - 1909020

Þjóðgarðsvörður fór yfir verkefni líðandi stunda. Biðstaða vegna gestastofunnar í Mývatnssveit. Boltinn hjá ráðuneytinu varðandi sýningu. Undirbúningur sumarsins í algleymingi. Þjóðgarðsvörður fór yfir tölur úr bílateljorum á hálendinu sl. tvö ár, sem og þátttöku í fræðsludagskrá. Aukning á síðasta ári í heimsóknum en fækkun í fræðsluþátttöku, líklega vegna COVID19.

### 2. Norðursvæði Jökulsárgljúfur - af vettvangi - 1910005

Þjóðgarðsvörður fór yfir verkefni líðandi stundar. Vinna við endurbætur á Skógarvarðarhúsinu að hefjast í dag. Fyrirhugað að þar verði skrifstofur á vegum þjóðgarðsins og Landgræðslunnar. Sumarstörf í þjóðgarðinum auglýst í síðustu viku, umsóknarfrestur til 14. febrúar. Verkefni við ræstingu snyrtinga í Ásbyrgi í ferli, umsóknarfrestur sömuleiðis til 14. febrúar. Þjóðgarðsvörður hefur óskað eftir því við Umhverfisstofnun að skipað verði í nýja nefnd vegna náttúruvættisins austan Jökulsár á Fjöllum. Umhverfisstofnun tók vel í erindið og málið komið í ferli.

### 3. SogV - Viðauki - Herðubreið - Bárðdælaafreittur - Verkefnislýsing - 2022 - 2202019

Þjóðgarðsvörður lagði fyrir drög af verkefnalýsingu fyrir gerð viðauka við stjórnunar- og verndaráætlun, fór yfir helstu atriði komandi vinnu og svaraði spurningum svæðisráðsfulltrúa.

*Lagt fram til kynningar. Svæðisráð felur þjóðgarðsverði að vinna áfram að málinu í samræmi við umræður á fundinum.*

**Fundargerð ritaði:** Guðmundur Ögmundsson, þjóðgarðsvörður.

Fundi slitið kl. 14:15.